

Íslenska nýsköpunarfyrirtækið AviLabs og AirAsia í samstarf

REYKJAVÍK, ICELAND, February 13, 2025 /EINPresswire.com/ -- Hundruð milljónir farþega verða fyrir ferðarofi á ári hverju vegna seinkana og aflýsinga fluga. Slíkar raskanir kosta flugiðnaðinn rúmlega 60 milljarða Bandaríkjadala á ári hverju í aukinn rekstrarkostnað, og endurbókanir og bætur til farþega. Slæmt utanumhald flugfélaga um ferðarof er ein helsta ástæða fyrir óánægju farþega.



Fimm ára samstarfssamningur undirritaður

[AirAsia](#), stærsta flugfélag Malasíu hefur undirritað samstarfssamning til fimm ára við [AviLabs](#), sem er leiðandi í þróun lausna sem veita flugfélögum heildarinnisýn og leiðir til þess að leysa úr ferðarofi farþega. Lausnir AviLabs munu gera AirAsia kleift að bjóða farþegum sínum fyrstu flokks þjónustu og úrval lausna við ferðarofi.

“

Í samstarfi við AviLabs höfum við innleitt lausn sem setur þarfir viðskiptavina okkar í fyrsta sæti, eflir okkur í að stýra ferðalofi á skilvirkari hátt, og þar með bæta upplifun farþega.”

*Alexia Leong, forstöðumaður
ánægju viðskiptavina hjá
AirAsia*

Farþeginn í fyrsta sæti með [Plan3](#)

AviLabs er íslenskt nýsköpunarfélag stofnað af hópi sérfræðinga með víðamikla reynslu í fluggeiranum og hefur þróað hugbúnað sem heldur utan um stjórnun ferðarofs þegar flugum er seinkað, aflýst eða þau raskast með öðrum hætti. Plan3, aðallausn félagsins, gerir flugfélögum kleift að vakta ferðarof í rauntíma og býr með sjálfvirkum hætti til klæðskerasniðna úrlausnir við ferðarofi sem gerir farþegum kleift að leysa á sem skilvirkastan máta úr ferðarofi með þeim hætti sem þeim hentar best.

Innleiðing Plan3 styrkir AirAsia þannig í að takast á við kostnaðarsamar og ófyrirsjáanlegar flugraskanir á hagkvæman hátt og stuðla að bættri upplifun og viðhorfi farþega.

Alexia Leong, forstöðumaður ánægju viðskiptavina hjá AirAsia:

„Ferðarof er óhjákvæmilegt í fluggeiranum, hvort sem það er vegna veðurs eða annarra þátta sem flugfélög hafa ekki stjórn á. Í samstarfi við AviLabs höfum við innleitt lausn sem setur þarfir viðskiptavina okkar í fyrsta sæti, eflir okkur í að stýra ferðalofi á skilvirkari hátt, og þar með bæta upplifun farþega.“

Sveinn Akerlie, stofnandi and framkvæmdastjóri AviLabs:

„Það er virkilega ánægjulegt að ganga til samstarfs við AirAsia, flugfélag sem er leiðandi í notkun tækninýjunga í starfsemi sinni. Með innleiðingu Plan3, verður AirAsia fyrsta flugfélagið í sínum heimshluta til þess að bjóða jafn framúrstefnulega og einstaklingsmiðaða nálgun í stjórnun ferðarofs og raun ber vitni, sem mun setja ný viðmið í fluggeiranum.“

Nánar:

Sveinn Akerlie veitir upplýsingar, vinsamlegast hafið samband við: info@avilabs.is

Sveinn Akerlie

Plan3

[email us here](#)

Visit us on social media:

[LinkedIn](#)

This press release can be viewed online at: <https://www.einpresswire.com/article/784989575>

EIN Presswire's priority is source transparency. We do not allow opaque clients, and our editors try to be careful about weeding out false and misleading content. As a user, if you see something we have missed, please do bring it to our attention. Your help is welcome. EIN Presswire, Everyone's Internet News Presswire™, tries to define some of the boundaries that are reasonable in today's world. Please see our Editorial Guidelines for more information.

© 1995-2025 Newsmatics Inc. All Right Reserved.